

## Fundargerð

233. fundur stjórnar HEF ehf haldinn á Hótel Héraði, miðvikudaginn 13. desember 2017 kl. 12:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Karl Lauritzson, Sigríður Sigmundsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Skúli Björnsson, og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi:

### Dagskrá:

1. Innkomin erindi
2. Skýrsla framkvæmdastjóra
3. Önnur mál

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

### 1. Innkomin erindi

- a) Tilboð frá Capacent um ráðningarferli
  - b) Gjaldskrá vatnsveitu 01.01.2018
  - c) Gjaldskrá fráveitu 01.01.2018
  - d) Tilboð frá Iðnver ehf. dags. 08.12.2017 í hreinsistöð fráveitu frá flugvallasvæði.
- a) Lagt fram tilboð frá Capacent dags. 13.12.2017 um ráðningarferli, formaður fór yfir málið og óskaði eftir álitum stjórnarmanna á hvort eigi að kaupa vinnu í ráðningaferli. Stjórn felur formanni og varaformanni að vinna drög að samkomulagi varðandi samning og ráðningarforsendur.
- b) Gjaldskrá vatnsveitu 01.01.2018. Tillaga er lögð fram um að gjaldskráin verði óbreytt að undanskyldu að vatnsgjald af sumarhúsum/frístundahúsum hækkar um kr 1.300 eða í 26.940,-. Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða með handauppréttingu. Tillaga um að 7. grein breytist þannig að samræma heimæðagjöld í dreifbýli í einn gjaldflokk sem verður kr 481.864,-. Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.
- Fram kom tillaga um að skilgreining á þéttbýli í gjaldskrá þessari verði skipulagt þéttbýli á Egilsstöðum og Fellabæ. Samþykkt samhljóða.
- c) Gjaldskrá fráveitu 01.01.2018. Tillaga lögð fram um að gjaldskráin verði samþykkt óbreytt hvað varðar álagningarhlutfall og liða sem taka vísitöluhækkunum. Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.
- d) Fram er lagt til kynningar tilboð frá Iðnver ehf dags. 08.12.2017 um hreinsistöð fráveitu frá flugvallasvæði.



## 2. Skýrsla framkvæmdastjóra

- a) Framkvæmdastjóri sagði frá viðræðum við Isavia um lagnaleið fráveitu og viðbrögð á jákvæðum nótum.
- b) Framkvæmdastjóri fór yfir undirbúning viðræðna vegna fráveituútrásar.
- c) Framkvæmdastjóri sagði frá uppgjöri vegna Urriðavatnslagnar við Vegagerðina.

## 3. Önnur mál

- a) Fram er lögð fundargerð upplýsingarfundar HEF ehf. 29. nóvember 2017. Framkvæmdastjóri fór yfir hluta af glærum fundarins. Formaður sagði frá fundi með Óskari Bjarnasyni hjá Bólholt ehf. Góð umræða fór fram um málið.

Stjórn áréttar vilja sinn að unnið verði áfram eftir þeirri áætlun sem kynnt var á þessum upplýsingafundi. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin upplestin, samþykkt og fundi slitið kl. 14:12.

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson